

139

23. des.

8. gr.

Skatttekjur samkvæmt reglugerð þessari renna í sveitarsjóð, en hreppsnefnd skal þó varðveita fé þetta í sérstökum sjóði, er hreppsnefnd stjórnar. Skulu reikningar sjóðsins fylgja sveitarsjóðsreikningi og endurskoðast og úrskurðast með honum. Fé sjóðsins skal varið til hverskonar menningarstarfsemi í Sandvíkurhreppi.

9. gr.

Brot gegn reglugerð þessari varðar sektum, allt að 1000 kr. Sé brotinu þannig háttað, að dreginn hafi verið undan skemmtanaskattur, skal sektin ákveðin sem svarar minnst fjórföldum skatti, sem undan var dreginn, þó aldrei yfir 1000 kr.

Mál, sem rísa kunna út af brotum á reglugerð þessari, skal fara með sem almenn lögglumál.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Í dómsmálaráðuneytinu, 23. desember 1938.

Hermann Jónasson.

Gústav A. Jónasson.

140

28. des.

AUGLÝSING

um að falla frá innheimtu á vörutolli af salti og um endurgreiðslu vörutolls af kolum fiskveiðagufuskipa.

Hér með auglýsist, að ráðuneytið hefir samþykkt að nota heimild 6. gr. laga nr. 95 11. júní 1938, til þess

- a. að falla frá innheimtu á vörutolli af salti á árinu 1939,
- b. að endurgreiða fiskveiðagufuskipum vörutoll af kolum, sem þau nota til fiskveiða í salt á árinu 1939.

Skilríki, sem þarf að hafa til þess að fá vörutollinn endurgreiddan, eru þau, sem auglýst eru í auglýsingu ráðuneytisins, dags. 27. okt. 1938, birtri í 66. tölublaði Lögbirtingablaðs 28. okt. 1938.

Samkvæmt síðustu málsgrein 6. gr. ofanefndra laga, verður 11% viðaukinn, sem innheimtur skal á árinu 1939 samkvæmt 5. gr. laganna, hækkaður upp í 12%.

Fjármálaráðuneytið, 28. desember 1938.

F. h. r.

Jón Guðmundsson.

Einar Bjarnason.

141

30. des.

SAMÞYKKT

um breyting á fiskveiðasamþykkt fyrir Ytri-Akraneshrepp í Borgarfjarðarsýslu frá 3. ágúst 1934.

1. gr. fiskveiðasamþykktarinnar orðist þannig:

Vélbátar, sem fiskveiðar stunda frá Akranesi og eru að stærð 6 smálestir brúttó og þar yfir, allt að 60 smálestum, mega ekki leggja af stað í fiskróður, fyrr en svo sem segir hér á eftir: